

[Forsíða](#)
[Viðskipti](#)
[Fólkið](#)
[Íþróttir](#)
[Morgunblaðið](#)

Pú ert hér: [mbl.is](#) > [Greinasafn](#) > [Morgunblaðið á Netinu](#)

[Spurt og svarað](#) [Hafðu samband](#)

## INNSKRÁNING

Pú ert innskráð(ur) sem Háskóli Íslands. Þú ert með áskrift að Gagnasafninu.

[Notandastillingar](#)  
[Útskráning](#)



[Lesu Morgunblaðið](#)

## LANDSBÓKASAFN

[Morgunblaðið hjá Landsbókasafni](#)



Föstudaginn 2. júlí, 2010 - Blaðaukar

## Fróðleiksfúsir í hjólaferðum

Fyrir um ári byrjaði sambýlisfólkið Stefán Helgi Valsson og Ursula Spitzbart að bjóða upp á fríar hjólaferðir með leiðsögn um Reykjavík. Framtakinu var strax vel tekið og þau vonast til að geta haft einhverjar tekjur af hjólaferðum í nánustu framtíð.



*Á hjóli Stefán Helgi Valsson fræðir hóp ferðamanna í Fógetagarðinum í Reykjavík.*

Þegar gengið er um bæinn má oft rekast á hóp af fólki á hjólum. Oftar en ekki er um útlendinga að ræða í skipulagðri ferð á vegum fyrirtækisins Reykjavík Bike Tours ([reykjavikbiketours.is](#)), sem sérhæfir sig í leiðsögn fólks um Reykjavík á reiðhjóli og er með aðstöðu við hliðina á sölubás Eldingar hvalaskoðunar við Ægisgarð. Þó markaðssetningin hafi fyrst og fremst beinst að útlendingum eru ferðirnar ekki síður heppilegar fyrir Íslendinga og þeim fjölgar stöðugt í ferðunum, að sögn Stefáns.

„Kreppan,“ segir Stefán spurður hvers vegna þau hafi farið út í þennan rekstur. Hann segist hafa verið skráður leiðsögumaður í ferð um Suðurland og Vesturland sem síðan hafi óvænt verið felld niður vegna lítillar þátttöku. Ástæðan fyrir því var sú að ferðin var ekki lækkuð í verði nógu snemma þrátt fyrir gengishrun íslensku krónunnar. „Þá hugsaði ég með sjálfum mér: Hvað á ég að gera núna? og þetta var niðurstaðan. Konan stofnaði fyrirtækið, ég er hennar hægri hönd og þremur dögum síðar fórum við í fyrstu hjólaferðina.“

## Óvæntar uppákomur

Stefán og Ursula byrjuðu með 10 hjól en hafa nú nær tvöfaldað lagerinn. „Við bættum við okkur sex hjólum uppá von og óvon fyrir sumarið,“ segir Stefán en leggur áherslu á að almennt séu hóparnir fámennir og að sérhver gestur fái tækifæri til að spyrja leiðsögumanninn um það sem honum liggur á hjarta. Dæmigerð ferð, Classic Reykjavík ferðin, byrjar klukkan 10 á morgnana og sjó á kvöldin og stendur yfir í um tvo og hálfan tíma. Í júní var boðið upp á miðnæturför um strandlengjuna, Coast at Midnight, og var þá lagt af stað klukkan 10 á kvöldin

## Minningabók

Allar minningar úr Morgunblaðinu og mbl.is á einum stað



Minningar er fallega innbundin bók sem hefur að geyma æviágrip og allar minningargreinar sem birst hafa um viðkomandi í Morgunblaðinu eða á mbl.is

PANTA

Morgunblaðið  
**mbl.is**

en væntanlega lýkur þessu tilboði um helgina. Síðan er hægt að panta sérstaklega ferðir þar fyrir utan. Stefán segir að hjólað sé um óhefðbundin svæði, staði sem hinn almenni ferðamaður fari yfirleitt ekki á. „Við hjólum þar sem bílar og rútur komast ekki og stundum hjólum við framá þekktar persónur. Við höfum til dæmis rekist á Vigdísí Finnbogadóttur, Björk og Tomma í Hamborgarabúllunni. Fyrir skömmu hittum við Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði við Háskóla Íslands, og þá gafst okkur tækifæri til þess að spyrja hann út í könnun sem vitnað er til í myndefni sem sýnt er um borð í flugvélum Icelandair en þar er því haldið fram að helmingur Íslendinga trúir á huldufólk. Þetta eru óvæntar upptakomur sem verða hluti af ferðinni og gera hana persónulega.“

Stefán stýrði Leiðsöguskóla Íslands í eitt ár og kenndi leiðsögutækni og framsögn á ensku á sama stað í áratug. Hann segist oft sjá fyrrverandi nemendur sína og samstarfsmenn sem leiðsegi hópum um borgina í rútum og veifi til þeirra. „Mér þykir vænt um þegar fólk veifar mér til baka. Mig grunar samt að þá langi til að skipta við mig um starfsvettvang,“ segir hann og bætir við að hjólræðarnar séu ekki aðeins skemmtilegar heldur bjóði upp á frábæra hreyfingu. „Þetta er afbragðs líkamsrækt.“

Í fyrra gaf Ursula út bók á þýsku, Milli ljóss og myrkurs, dagleg ævintýri á Íslandi (Zwischen Licht und Dunkel – Abenteuer Alltag in Island). 2. prentun kom út fyrir skömmu og segir Stefán að bókina hafi vakið athygli á hjólræðaraferðunum. „Við gerum okkar besta í því að veita góða þjónustu. Liður í því er að vera alltaf til taks, hvernig sem viðrar. Svo lengi sem fólk er til í að hjóla þá erum við til.“

steinthor@mbl.is



Til baka



Prenta grein



Leita í gagnasafni mbl.is

© Höfundaréttur

## Aðrar greinar

Föstudaginn 2. júlí, 2010 - Blaðaukar

- [Hálendið sem himnaríki](#)
- [Fjallafólki eru flestir vegir færir](#)
- [Stærsti sigurinn er að vera með](#)
- [Sveinstindur og Skælingar helsta...](#)
- [Dansað og sungið á Grundinni](#)
- [Framleiðsluþekking á sjófatnaði nýtt í...](#)
- [Strandblak víða um land](#)
- [Frjáls leikur í fyrirrúmi](#)
- [Vegahandbókin ein með öllu](#)
- [Hjólar 40 km hvora leið í vinnuna og...](#)

mbl.is	Fréttir	Þjónusta	Sérvefir	Morgunblaðið
Markaðshandbók	Forsíða	Auðlesinn mbl.is	Fasteignir	Áskrifendabjónusta
Hafðu samband	Viðskipti	Fréttir í tölvupósti	Atvinna	Blað dagsins
mbl.is upphafssíða	Íþróttir	Fréttir vikunnar	Smáauglýsingar	Gerast áskrifandi
Sendu inn frétt	Enski boltinn	Hlaðvarp	Blog.is	Greinasafn

[Um mbl.is](#)

[Fólk](#)

[RSS straumar](#)

[Ferðalög](#)

[Kynningaráskrift](#)

[Veftré](#)

[Veður](#)

[Lífshlaupið](#)

[Mest lesið](#)

[Myndasafn](#)

[Mest sent](#)

[Netföng og símanúmer](#)

[Sendu inn efni](#)

[Sækja um starf](#)

[Um Morgunblaðið](#)

[Verðskrá](#)

[Information for advertisers](#)

[mbl.is/Árvakur hf.](#) © 2010  
Hádegismóum 2, 110 Reykjavík  
Sími: 569-1100, Símbref: 569-1110  
[Fréttadeild mbl.is](#) | [Tæknideild mbl.is](#)